

EINGYÐI OG FJÖLGYÐI

I

Tvö útvarpserindi, sem ég hlýddi á fyrir skömmu, vöktu hjá mér ýmsar hugsanir, sem mér virðist ástæða til að færa í letur að einhverju leyti. Bæði erindin máttu ágæt heita, þó að annað væri flutt af trúuðum manni, síra Friðrik Hallgrímssyni, en hitt af vantrúuðum, próf. dr. Sigurði Nordal. Getur enginn vafi á því leikið að prófessorinn er eindreginn trúleysingi gagnvart hinum heiðna átrúnaði forfeðra vorra, sem hann var að segja frá. Lítur hann á þessi trúarbrögð frá því sjónarmiði sem ég hefi nefnt hið tómfræðilega (kenologiska). Frá því sjónarmiði var átrúnaður forfeðranna ekkert annað en barnalegar hugmyndir, þar sem veruleikinn að baki var skógarþytur, vatnsniður, þrumugnýr, eldingar o. s. fr. Mætti þá með sanni segja, ef þetta væri rétt, að mikill hefði verið viskumunur á Norðurmönnum (og Grikkjum) annarsvegar, og Gyðingum hinsvegar. Öðrumegin barnaskapur, en hinumegin opinberun um hinn eina sanna guð. En tómfræðin hefir ekki rétt fyrir sér, og fjölgyðistrúin er jafnvel að sumu leyti fullkomnari en trúin á einn guð. Því að það sem að baki er fjölgyðistrúnni er ekki það sem tómfræðin vill kenna oss, heldur lífið á stjörnunum, sumt fullkomnara miklu en hér á jörðu, en annað miklu lengra komið í hinu illa. Og að vísu var rótin undir guðstrú Gyðinga sama eðlis, og það var enn fyrir samband við æðra líf á annarri stjörnu, sem hinn mikli spámaður, Jesús frá Nazaret, kom þeirri guðstrú á hærra stig en áður.

II

Erindi sr. Friðriks var aðdánleg prédikun, en ekki get ég eins og hann, verið trúður á, að kristin kirkja muni geta

bjargað mannkyninu af Helvegi. Til þess er kenningin ber-sýnilega of ófullkomin. Ég hygg, að hin forngríska kenning um, að hið guðlega nái ekki til vor hér á jörðu, sé rétt. Hinn mikli vandi er einmitt sá að koma því til leiðar, að þetta geti orðið; og mér virðist, sem mannkynssagan hafi þegar leitt í ljós ótvíræðlega, að engin þau trúarbrögð, sem fram hafa komið, duga mönnunum til þess sambands við hið guðlega, sem svo mjög ríður á að fáist. Þar þarf þekkingin að koma trúnni til aðstoðar, og ætti sumt sem ritað hefir hinn fræg-asti vísindamaður vorra daga, Albert Einstein — sem náttúrlega er Gyðingur — að geta orðið þeim skilningi til stuðnings, eins ég hefi vikið á í þeim kafla Viðnýals 1942, er heitir Vísindi og trú.